

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 5. tbl. 11. árg. ágúst 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Í upphafi skólaárs

Nú þegar fyrstu dagar skólaársins eru liðnir kemur fyrsta fréttabréf vetrarins. Í því verður fyrst og fremst tæpt á nokkrum atriðum sem mikilvægt er fyrir foreldra og nemendur að þekkja til og vita hvernig virka. Má þar nefna skólareglurnar eineltisáætlunina og fleira.

Þegar þessi orð eru skrifuð eru nemendur 252 við skólann. Skólastarfið fer vel af stað og bæði nemendur og starfsmenn atorkusamir og reiðubúnir að takast á við verkefni vetrarins. Töluverður liðsauki hefur bæst í starfsmannahópinn en það eru Aida Gonzales sem kennir myndmennt í 6. – 8. bekk. Fannar Blær Austar Egilsson sem kennir íþróttir og sund, Dragoljub Nikoletic sem er skólaliði og leiðbeinandi í Kátakoti, Gyða Steinunn sem er skólaliði í Hafnarskóla, Hafdís Hauksdóttir sem kennir tónmennt og leiklist, Ingvi Þór Sigurðsson sem er aðstoðarkennari í Heppuskóla, Jónína Kristín Ágústsdóttir sem kennir heimilisfræði, Sigurbjörg Karen Hákonardóttir sem er stuðningsfulltrúi, Sólveig Bjarnadóttir sem er umsjónarkennari í 10. bekk og Valgerður Inga Reykjalín sem er umsjónarkennari í 6. bekk. Auk þess ákvað Sunna Jónsdóttir að vera áfram hjá okkur í stuðningi á yngra stigi og Kristín Gestsdóttir hefur tekið við stöðu Aðstoðarskólalastjóra á yngra stigi.

Kynningarfundir og skólafærnisámskeið

Framundan eru árlegir kynningarfundir og skólafærnisámskeið fyrir foreldra.

7. september	1. – 3. bekkur	kl. 20:00 -21:30	Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsd.
12. september	8. bekkur	kl. 17:00 -18:30	
12. september	9. -10. bekkur	kl. 20:00 -21:30	
13. september	2. bekkur	kl. 17:00 -18:30	
14. september	7. bekkur	kl. 20:00 -22:00	Skólafærnisámskeið
18. september	5. og 6. bekkur	kl. 17:00 -18:30	
19. september	3. Og 4. bekkur	kl. 17:00 -18:30	
20. september	1. Bekk	Kl: 20:00 - 22.00	Skólafærnisámskeið


Rík áhersla er lögð á að foreldrar mæti á þessa fundi og verður dagskrá hvers fundar og staðsetning auglýst nánar síðar.

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar

Í upphafi hvers skólaárs ber skólanum skylda til að kynna skólareglur fyrir foreldrum. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þar skuli einnig koma fram hvernig brugðist sé við brotum á skólareglum. Hér á eftir kemur úrdráttur úr skólareglunum. Þær eru í fullri lengd bæði í starfsáætlun (handbók) og á heimasíðu skólans.

Almennar reglur

Almennar reglur snúast um dagleg samskipti og byggja á almennum siðareglum. Að temja sér að fara eftir þessum reglum er hluti af því að þroskast og fullorðnast og verða ábyrgur þegn í



lýðræðis-samfélagi. Því er eðlilegt að yngri börn þurfi meiri aðstoð við að temja sér þær en þau sem eldri eru. Almennum reglum er fylgt þegar:

- Við sinnum hlutverki okkar
- Við komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi
- Við berum ábyrgð á eigum okkar
- Við berum ábyrgð á gerðum okkar
- Við látum aðra í friði.

Öryggisreglur

Öryggisreglur snúast um að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Séu þær brotnar er undantekningarlaust gripið til viðurlaga í samræmi við aldur og þroska viðkomandi barns. Öryggisreglur eru brotnar þegar öryggi er ógnað með ögrandi framkomu t.a.m. með:

- andlegum eða líkamlegum meiðingum
- alvarlegum ögrunum eða hótunum
- notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum
- vopnum eða ígildi þeirra
- þjófnaði
- skemmdarverkum
- áhættuhegðun.

Ef nemandi brýtur skólareglurnar er unnið eftir ákveðnu ferli sem nánar er útlistað í starfsáætlun (handbók) skólans sem og á heimasíðu hans.

Punktakerfi

Notast er við punktakerfi í 7. – 10. bekk skólans til auðvelda kennurum, nemendum og foreldrum að halda utan um mætingar og ástundun hjá nemendum. Skólasókn þeirra birtist á vitnisburðarblaði. Haldið er utan um punktakerfið á www.mentor.is. Þar merkja kennarar við mætingar, skil á heimavinnu og fleiri þætti og geta foreldra og nemendur ásamt

kennurum fylgst með stöðu mála. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um punktakerfið á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.

Uppeldi til ábyrgðar

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar litast af áherslum í *uppeldi til ábyrgðar* en það er sú uppeldis- og samskiptastefna sem lögð er til grundvallar í skólstarfinu. *Uppeldi til ábyrgðar* byggir meðal annars á þeirri grundvallarhugsun að orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar eigi sér stað vegna þess að einstaklingurinn nái ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt. Aðferðir *uppeldis til ábyrgðar* byggja á því að einstaklingar læri að þekkja þessar grunnþarfir sínar og finni leið til að uppfylla þær á jákvæðan hátt í sátt við aðra í umhverfi sínu um leið og þeir taki ábyrgð á eigin hegðun..



Kjörorð skólans vísa síðan til hvernar þarfar fyrir sig og þannig tengjast kjörorð skólans og uppeldisstefnan órjúfanlegum böndum.

Vinna gegn einelti

Eins og flestir vita var mikil orka lögð í að vinna gegn einelti og óæskilegum samskiptum nemenda á síðasta skólaári. Verulegur árangur náðist en við erum engan vegin hætt og ætlum okkur að ná enn meiri árangri og markmiðið er að útrýma einelti algerlega. Það getum við þó aldrei án aðstoðar heimilanna og því leggjum við áherslu á að heimili og skóli vinni náið saman að velferð barna. Mikilvægt er fyrir alla aðila að hafa ávalt í huga að við fullorðna fólkið erum fyrirmyndir, og það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Það er líka hlutverk fullorðna fólksins að leiðbeina börnum og unglingum og grípa inn í ef mál fara út böndunum.

Þann 7. og 8. september kemur Vanda Sigurgeirsdóttir til okkar og verður með fyrirlestur fyrir foreldra í 1.-3. bekk og námskeið fyrir kennara skólans um samskipti og hvernig við getum hjálpað börnunum til þess að verða flinkari í samskiptum.

Skólamáltíðir eru með sama sniði og síðustu ár og eru **nemendur sjálfkrafa skráðir í mat og ávaxtabita að hausti nema skólanum berist upplýsingar um annað**. Allir nemendur skólans borða hádegismat í matsalnum í Hafnarskóla. Ef nemendur í 7.-10. bekk kjósa að koma með nesti geta þeir borðað það í holinu í Heppuskóla. Þó skal sérstaklega á það minnt að skólamáltíðirnar eru bæði ódýrar og hollar og hver dagur kostar einungis 365 krónur.

Matseðill í september

- 31. ág. Kjötbollur með brúnni sósu.
- 1.sept. Hrísgrjónagrautur brauð og álegg.

- 4. sept. Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.
- 5. sept. Gúllas með kartöflumús.
- 6. sept. Steiktur fiskur með raspi.
- 7. sept. Skólabjúgu með kartöflum og jafning.

- 11. sept. Saltfiskur með rúgbrauði.
- 12. sept. Kjöt í karrý.
- 13. sept. Fiskibollur með laukfeiti.
- 14. sept. Hamborgari, franskar og sósa.
- 15. sept. Skyr, brauð og álegg.

- 18. sept. Smjörsteiktur fiskur með kartöflum.
- 19. sept. Pasta með skinku.
- 20. sept. Ofnbakaður fiskur.
- 21. sept. Litlar sælkerabollur með súrsætri sósu.
- 22. sept. Súpa, brauð og álegg.

- 25. sept. Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 26. sept. Heimatilb. Kjötfarsbollur með feiti.
- 27. sept. Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.
- 28. sept. Kjúlingapottrettur með hrísgrjónum.
- 29. sept. Hrísgrjónagrautur brauð og álegg.

Af gefnu tilefni er foreldrum bent á að hafa samband við skólann ef þeir hafa einhverjar áhyggjur af því að hlutirnar séu ekki í lagi. Saman gerum við skólann og samfélagið okkar að besta samfélagi á landinu.

**Það er gott og gaman að hjóla í skólann... þegar hjálmurinn er á kollinum!
Hjálmanotkun er lögbundin að 15 ára aldri.
Fullorðnir, verum góðar fyrirmyndir og notum líka hjálm.**